



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Haustönn 2019

## ENSK2HC05 Hagnýt enska

<b>Kennarar:</b>	<b>Kristín Runólfsdóttir</b>	<b>Sk.st.</b>	<b>KR</b>
------------------	------------------------------	---------------	-----------

### Áfangalýsing:

Í þessum áfanga verða unnin fjölbreytt verkefni þar sem áhersla er lögð á alla færniþætti tungumálanáms þ.e. lestur, ritun, hlustun og tjáningu. Mest áhersla er lögð á orðaforða og ritun. Nemendur eru þjálfaðir í skipulegri framsetningu ritaðs máls, bæði uppbyggingu og orðaforða.

**Undanfari:** ENSK2HB05

### Þekkingarviðmið (í lok annars þreps)

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- þjóðfélögum þar sem tungumálið er notað sem móðurmál eða fyrsta mál,
- ólíkum viðhorfum og gildum og hvernig þau móta menninguna þar sem tungumálið er notað og geti tengt þau eigin samfélagi og menningu,
- orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða,
- notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins bæði munnlega og skriflega,
- helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls, s.s greinamerkjasetningu.

### Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- að skilja mál sem talað er með mismunandi hreim og við mismunandi aðstæður,
- lestri margs konar gerða af textum og beita þeim lestraraðferðum sem við eiga eftir því hvernar gerðar textinn er,
  - að taka virkan þátt í samskiptum á viðeigandi hátt og beita málvari við hæfi,
  - að tjá sig skýrt og hnökralaust um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið,
  - að skrifa margs konar texta, formlega og óformlega, og fylgja helstu rithefðum og reglum um málbeitingu.

### Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja daglegt mál, svo sem samræður og fjölmiðlaefni og skilja án vandkvæða megininntak erinda og rökræðna
  - tileinka sér efni ritaðs texta og hagnýta á mismunandi hátt
  - lesa texta þar sem ákveðin viðhorf eða skoðanir eru kynnt, átta sig á tilgangi og afstöðu textahöfundar og bregðast við eða tjá skoðanir sínar munnlega eða skriflega um efni þeirra,
  - taka þátt í skoðanaskiptum og haga orðum sínum í samræmi við aðstæður og tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt
  - Skrifa margs konar texta og fylgja þeim ritunarhefðum sem eiga við í hverju tilviki fyrir sig

**Námsefni:**

- ✓ New Headway Upper-Intermediate (4th edition), J.& L Soars
- ✓ Slam by Nick Hornby
- ✓ Efni frá kennara og á neti.

**Áætlun um yfirferð og verkefnaskil** verður birt í Innu.

**Sérreglur áfangans:**

- Ætlast er til að nemendur fylgist stöðugt með upplýsingum í Innu, sýni sjálfstæði í vinnubrögðum og beri ábyrgð á eigin námi.
- Notkun snjallsíma, spjaldtölva eða annarra tækja í kennslustundum er óheimil nema í tengslum við úrvinnslu verkefna í samráði við kennara. Slökkt skal vera á sínum!
- Nemendum sem mæta bókalausir, eða ekki með þær bækur sem á að nota hverju sinni, eiga á hættu að verða vísað úr tíma og þeir skráðir fjarverandi í Innu.
- Nemendur skulu mæta stundvíslega í alla tíma, minna kennara á viðveruskráningu í lok tíma komi þeir of seint og fylgjast með í Innu. Nemendur sem mæta 20 mínútum eftir upphaf tímans eða seinna fá skráða fjarvist í Innu.

**Skilaskylda er á öllum verkefnum.** Gefin er einkunnin 0/núll fyrir próf eða verkefni sem ekki er tekið eða skilað nema skráð viðurkennd forföll komi til (L, V eða W í Innu) og þreyta nemendur mögulega próf í lok annar.

Athugið að þessar reglur gilda einnig um nemendur sem hafa rýmri mætingarreglur og verða þeir að mæta í próf/tímaverkefni. Nemendur sem eru fæddir 1999 eða fyrr ganga frá samningi um mætingar og verkefnaskil í upphafi annar.

**Fyrirkomulag námsmats:**

Námspáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Headway upper- intermediate	próf og verkefni	35%
Slam by Nick Hornby	krossapróf, ritun, munnlegt próf	15%
Short stories	krossapróf og ritun	15%
Kvikmyndaverkefni	orðaforði	5%
Short Docs verkefni	munnlegt	5%
Tímaritgerð	ritun	5%
Verkefnamappa: Headway vinnubók– útfyllt og leiðrétt, greinarýni o.fl.	skilað undir lok annar	20%

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

**Selfoss, 15. ágúst 2019**

**Kennari:** Kristín Runólfsdóttir